

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

24

15. júní

LÖG

um

húsaleigu í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27.
júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en þó má eigi segja upp húsnaðum
til burtflutnings fyr en frá 14. maí 1927 og eigi hækka leigu þess leigjanda,
er situr í húsnaðinu, til þess tíma.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

25

15. júní